



Alþingi
b.t. atvinnuveganefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Alþingi 5.11.2018
Málsnr.: 1809289
Málakitt.: 0.34.4.

144.mál

Grindavík, 31. október 2018
nr. erindis 1810064 FJ

Á 489. fundi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar þann 30. október sl. var tekin fyrir umsögn bæjarstjórnar um veiðigjöld.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða svofellda umsögn:

Sjávarútvegur er undirstöðuatvinnuvegur í Grindavík. Það er því fjöldi fjölskyldna og fyrirtækja sem leggur allt sitt traust á að rekstur útgerðafyrirtækja sé stöðugur. Margir eru uggandi yfir þeirri þróun sem hefur átt sér stað undanfarin ár með því að útgerðir séu nauðbeygðar til að draga saman seglin vegna hárra veiðigjalda.



Á síðastliðnu kvótaári greiddu félög í Grindavík yfir 1,1 milljarð króna í veiðigjöld. Það liggur fyrir að þessir fjármunir verða þá ekki nýttir í rekstri þeirra, sem annars hefðu verið þeim og bæjarfélaginu til hagsbóta.

Með hóflegu veiðigjaldi myndi skapast grundvöllur til uppbyggingar og endurnýjunar á búnaði og skipaflota Grindavíkur, sem við teljum sérstaklega mikilvægt, til dæmis með tilliti til aðbúnaðar og öryggis sjómanna.

Til að draga úr þeirri óvissu sem heilu bæjarfélögin búa við er mikilvægt að Alþingi merki alvarleika málsins og bregðist við á trúverðugan hátt, eins og það hefur jafnan gert fyrir aðrar atvinnugreinar. Með óbreyttu ástandi er hætt við að óafturkræft tjón verði fyrir fjölda samfélaga hringinn í kringum landið.

Ofangreind afgreiðsla bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar

 Bæjarstjórnin
í Grindavík


Fannar Jónasson
bæjarstjóri